

17 MAÍ 2024

BREYTING Á AÐALSKIPLAGI HÖRGÁRSVEITAR 2012-2024

LÓNSBAKKI- BREYTING Á LANDI LÓNSÁR, BERGHÓLS OG LÓNSBAKKA

GREINARGERÐ

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	3
2	MARKMIÐ.....	3
3	FORSENDUR	3
3.1	Skipulagssvæðið	3
4	EFNISTÖK AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR	5
5	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	8
5.1	Landsskipulagsstefna	8
5.2	Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024.....	9
5.3	Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024	11
5.4	Deiliskipulag í gildi.....	12
6	ÁHRIFAMAT.....	13
7	AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU	13
8	HEIMILDARSKRÁ.....	14
9	TENGD SKIPULAGSGÖGN	14

Myndir og töflur

Mynd 1. Íbúápróun í Hörgársveit og Lónsbakka frá 2011-2021 (Tölur miðast við 1. janúar ár hvert). ...	3
Mynd 2. Svæðin þar sem breyting á Aðalskipulag Hörgársveitar nær til.	4
Mynd 3. Áfangaskipting uppbyggingarsvæðis á Lónsbakka skv. gildandi aðalskipulagi.	6
Mynd 4. Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands.	13
Tafla 1. Tafla um íbúðarsvæði á Lónsbakka fyrir breytingu.	5
Tafla 2. Tafla um íbúðarsvæði á Lónsbakka eftir breytingu.	7
Tafla 3. Tafla um íþróttasvæði í gildandi aðalskipulagi fyrir breytingu.	7
Tafla 4. Tafla um íþróttasvæði í gildandi aðalskipulagi eftir breytingu.	7
Tafla 5. Tafla um samfélagsþjónustu á Lónsbakka fyrir breytingu.	7
Tafla 6. Tafla um samfélagsþjónustu á Lónsbakka eftir breytingu.	8
Tafla 7. Tafla um samfélagsþjónustu á Lónsbakka fyrir breytingu.	8
Tafla 8. Tafla um samfélagsþjónustu á Lónsbakka eftir breytingu.	8
Tafla 9. Samræmi tillögunnar við stefnu Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024.	10
Tafla 10. Samræmi tillögunnar við stefnu Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024.	12

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskiplagi Hörgársveitar 2012-2024, á skipulagsupprætti og greinargerð sem staðfest var 17.12.2015. Gerð er sú breyting á að hluta lands Lónsár er breytt úr verslunar- og þjónustusvæði í íbúðarsvæði, aðkomuleið að lóðinni Lónsbakka er bætt við skipulagsupprátt auk þess að götutenging milli Lónsvegar og Sjafnargötu á Akureyri er felld út af skipulagsupprætti. Auk þess er svæði fyrir samfélagsþjónustu (S1) stækkað til norðurs til að gera ráð fyrir stækkun leikskólans Álfasteins. Bætt er við reit fyrir verslun og þjónustu við Hörgárbraut. Kafli 4.1.1 er uppfærður m.t.t. uppbyggingar sem átt hefur stað frá gildistöku aðalskiplags. Breyting á deiliskiplagi fyrir Lónsbakka verður unnið samhliða breytingu á aðalskiplagi og verða báðar tillögur auglýstar samtímis.

2 MARKMIÐ


Markmið fyrirhugaðra breytinga á aðalskiplagi er að auka framboð íbúðarlóða og húsagerða í sveitarfélaginu en mikil ásókn er í íbúðalóðir í sveitarfélaginu og sér í lagi á Lónsbakka vegna nálægðar við Akureyri og leikskóla og aðra þjónustu.

3 FORSENDUR

3.1 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er í landi Lónsbakka í Hörgársveit. Svæðið er í dag að mestu skilgreint sem íþróttasvæði og opið svæði. Um er að ræða gamlan sparkvöll og skógarreitir á milli leikskólans Álfasteins og íbúðabyggðar á Lónsbakka. Breytingin mun einnig ná yfir svæði þar sem nú er rekin gistipjónusta og tjaldsvæði við Lónsá.

Talsverð fjölgun íbúa hefur átt sér stað í sveitarfélaginu og þá sérstaklega eftir 2017 þar sem fjölgun hefur verið talsvert umfram landsmeðaltal. Íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað á síðastliðnum 10 árum um 251. Íbúar Hörgársveitar voru þann 1. janúar 2024 817 talsins. Íbúapróun í Hörgársveit á milli árunna 2014-2024 má sjá á stöplariti hér að neðan.



Mynd 1. Íbúapróun í Hörgársveit og Lónsbakka frá 2011-2021 (Tölur miðast við 1. janúar ár hvert).

Fyrir liggur fornleifaskráning fyrir svæðið en minjaskráning fór fram á svæðinu árið 2017 í tengslum við deiliskipulag Lónsbakka. Engar minjar eru að finna á breytingarsvæðinu.

Breytingarsvæðið er allgróið og innan þess er þéttbýlið við Lónsbakka. Það er allgróið með talsverðri skógrækt.



Mynd 2. Svæðin þar sem breyting á Aðalskipulag Hörgársveitar nær til.

4 EFNISTÖK AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

Svæði undir þjónustustofnun S1 er stækkuð til norðurs til þess að geta mætt stækkun á leikskólanum Álfastein.

Gerð er einnig breyting á verslunar- og þjónustusvæði VP1 þar sem rekið er gistiheimili. Breytingin felur í sér að reiturinn verður skilgreindur sem íbúðarbyggð. Einnig er núverandi íbúðarsvæði stækkað örlítið m.t.t. núverandi afmörkunar á íbúðarsvæðinu. Í stað VP1 verður nýr reitur skilgreindur næst Hörgárbraut.

Á íbúðarsvæðunum er gert ráð fyrir blöndun húsagerða, með lágreistum einbýlis-, raðhúsum eða litlum fjölbýlum. Kafli um íbúðarsvæði í Lónsbakka er breyttur m.t.t. núverandi stöðu og töflur einfaldaðar og færðar til stöðunnar í dag.

Einnig er bætt við götuteningu milli Lónsvegar og lóðarinnar Lónsbakka auk þess sem götutening milli Lónsvegar og Sjafnargötu á Akureyri er felld út af aðalskiplagi

Hér að neðan eru taldar upp þær breytingar sem gerðar eru á viðeigandi köflum aðalskiplagsins.

Kafli 4.1.1 íbúðarsvæði

Gerð er breyting á kafla 4.1.1 um íbúðarsvæði.


Í gildandi aðalskiplagi er eftirfarandi texti um íbúðabyggingu á Lónsbakka:

Á Lónsbakka eru fimm götur, Skógarhlíð, Birkihlíð, Reynihlíð, Víðihlíð og Lónsgata. Innan núverandi byggðar eru 57 lóðir sem eru nær fullbyggðar. Svæðið er með blönduðum húsagerðum. Nýtt byggingarsvæði er við Lónsveg og er það um 1,5 ha að stærð og þar er rými fyrir um 30 íbúðir á fimm lóðum þar sem gert er ráð fyrir fjölbýlishúsum á 2-3 hæðum sem og einbýlishúsum.

Tafla 1. Tafla um íbúðarsvæði á Lónsbakka fyrir breytingu.

Ný svæði	Fjöldi lóða/fjöldi íbúða	Skiplagsákvæði
Svæði A til 2024	2,6	26-39
Svæði B eftir 2024	2,6	24-36

Áfangaskipting á Lónsbakka var á þá leið sem mynd hér að neðan sýnir.



Mynd 3. Áfangaskipting uppbyggingarsvæðis á Lónsbakka skv. gildandi aðalskiplagi.

Eftir breytingu verður umfjöllun um þéttbýlið á Lónsbakka á þá leið:

Þéttbýlinu á Lónsbakka er skipt niður í tvö svæði, svæði A sem er næstum fullbyggt og innifelur núverandi byggð. Svæði B er óbyggt að mestu en þar er gert ráð fyrir allt að 30 íbúðum.

Tafla 2. Tafla um íbúðarsvæði á Lónsbakka eftir breytingu.

Heiti	Lýsing/ notkun/stærð núverandi	Fjöldi lóða/fjöldi íbúða	Skipulagsákvæði
Svæði A, Skógarhlíð, Birkihlíð, Reynihlíð og Víðihlíð	Nær fullbyggt íbúðarhverfi. Stærð 11,1 ha.	57/154	Lágreist byggð á 1-2 hæðum. Blandaðar húsagerðir, einbýli-, par-, raðhús eða lítil fjölbýli.
Svæði B Lónsvegur	Óbyggt hverfi. Stærð svæðis 1,5	5/30	Lágreist byggð á 2-3 hæðum þar sem gert er ráð fyrir blöndun húsagerða með einbýli og fjölbýlishúsum.

Kafli 4.1.3 Íþróttasvæði

Gerð er breyting á kafla 4.1.3 þar sem íþróttasvæði er minnkað vegna stækkunar á svæði fyrir þjónustustofnun.

Tafla 3. Tafla um íþróttasvæði í gildandi aðalskipulagi fyrir breytingu.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Íþ-1	Sparkvöllur	Sparkvöllur norðan við leikskólann Álfastein. Stærð svæðis 1,5 ha.

Tafla 4. Tafla um íþróttasvæði í gildandi aðalskipulagi eftir breytingu.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Íþ-1	Sparkvöllur	Sparkvöllur norðan við leikskólann Álfastein. Stærð svæðis 1,1 ha.

Kafli 4.2.1 Verslun og þjónusta

Gerð er breyting á kafla 4.2.1 um verslun og þjónustu. Svæði sem áður var skilgreint sem VP1 fær aðra minnkar sem nemur skilgreiningu íbúðarsvæðis og verður með aðkomu við Lónsveg. Um leið breytist stærð og afmörkun þess og auk þess fær það aðra skilmála.

Tafla 5. Tafla um samfélagsþjónustu á Lónsbakka fyrir breytingu.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
VP-1	Lónsá	Gistiheimili, stærð lóðar 1 ha
VP-2	Húsasmiðjureitur	Verslun Húsasmiðjunnar, Blómavals og timbursala, stærð lóðar 2,3 ha
VP-3	Lífland	Ýmis þjónusta í tengslum við landbúnað, stærð lóðar 1,0 ha

Tafla 6. Tafla um samfélagsþjónustu á Lónsbakka eftir breytingu.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Vp-1	Lónsvegur	Svæði fyrir blandaða starfsemi verslunar og þjónustu. Á svæðinu verði heimilt að vera með allt að þriggja hæða hús með verslun og þjónustu á neðri hæðum en skrifstofur eða önnur starfsemi á efri hæðum. Stærð svæðis 0,18 ha og hámarksbyggingarmagn 750 m ² . Byggingin verði mikilvægur liður í ásjón byggðarinnar og lögð áhersla á vandaða hönnun og byggingarlist.
Vp-2	Húsasmiðjureitur	Verslun Húsasmiðjunnar, Blómavals og timbursala, stærð lóðar 2,3 ha
Vp-3	Lífland	Ýmis þjónusta í tengslum við landbúnað, stærð lóðar 1,0 ha

Kafli 4.2.2 Samfélagsþjónusta

Gerð er breyting á kafla 4.2.2 um samfélagsþjónustu.

Svæði S-1 mun stækka til norðurs í átt að núverandi sparkvelli sem verður felldur út úr gildandi aðalskipulagi.

Tafla 7. Tafla um samfélagsþjónustu á Lónsbakka fyrir breytingu.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S-1	Leikskóli	Leikskólinn Álfasteinn, stærð lóðar 0,5 ha

Tafla 8. Tafla um samfélagsþjónustu á Lónsbakka eftir breytingu.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S-1	Leikskóli	Leikskólinn Álfasteinn, stærð lóðar 1 ha

5 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í gildi er Landsskipulagsstefna 2015-2026 sem samþykkt var á Alþingi 2016, samræmd stefna um skipulagsmál á landsvísu til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga. Í gildi fyrir svæðið eru aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 og svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024.

5.1 Landsskipulagsstefna

Í kafla 2. Skipulag í dreifbýli segir; Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag. Í kafla 2.1.1 kemur meðal annars fram að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.

Í Hörgársveit eru þrjú svæði skilgreind sem íbúðarbyggð, Blómsturvellir, Hjalteyri og Lónsbakki. Á Hjalteyri eru íbúar um 50 og samkvæmt nýju deiliskipulagi þá er gert ráð fyrir rúmlega 20 lóðum undir íbúðir, 6 lóðir undir frístundahús og 6 undir verslun og þjónustu. Á Lónsbakka eru íbúar rúmlega 300 og samkvæmt nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir 26 nýjum lóðum þar sem áætlað er að

hægt verði að byggja 88-116 íbúðir en af þeim er einungis 1 einbýlishús. Ekki hefur verið unnið deiliskipulag á Blómsturvöllum og engin uppbygging hefur verið á því svæði.

Í Glæsibæ er áætlað að byggja upp íbúðarbyggð auk þess að efla rekstur og möguleika Glæsibæjarkirkju. Yfirbragð byggðarinnar verður lágreist byggð á stórum sjávarlóðum. Með þessu verður fjölbreytt framboð á lóðum í sveitarfélaginu bæði einbýlis- og fjölbýlishúsalóðum, í nágrenni við Akureyri. Fyrirhugaðar íbúðarlóðir í landi Glæsibæjar verða svo frábrugðnar lóðum sem í boði eru á Lónsbakka að vart má ætla að uppbygging þessara tveggja íbúðarsvæða framkvæmdirnar hafi áhrif hvor á aðra. Hinsvegar má ætla að lóðir í Glæsibæ höfði að einhverju leyti til sama markhóps og lóðir sem þegar hafa verið deiliskipulagðar á Hjalteyri, og er sett fram í skipulagsbreytingu þessari sú stefna sveitarfélagsins að forgangsraða uppbyggingu íbúðarbyggðar í Glæsibæjarlandi framar en á Hjalteyri. Ekki eru uppi áform um að ráðast í deiliskipulagningu íbúðarsvæða í landi Blómsturvalla í fyrirsjáanlegri framtíð og því hafa uppbyggingaráform í Glæsibæ ekki áhrif á framvindu þess svæðis.

5.2 Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024

Í aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 er jörðin Glæsibær skilgreind sem landbúnaðarsvæði, skógræktarsvæði og svæði fyrir þjónustustofnun.

Samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags	
Samræmist stefnu gildandi aðalskipulags	✓
Á ekki við/Samræmist ekki stefnu gildandi aðalskipulags	X

Stefna Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024	Samræmi
<p>3.1.1 Íbúðarbyggð</p> <p>MARKMID Stuðlað verður að hagkvæmri þróun íbúðarbyggðar í dreifbýli og gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir íbúðarbyggð. Íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis. Eftir fönngum skal komist hjá því að íbúðarbyggð verði reist á góðu ræktunarlandi og landi sem hentar vel til landbúnaðarframleiðslu.</p>	<p>✓</p> <p>Ekki eru heimildir um að innan svæðisins sé búsvæði fugla á valista eða þar finnist friðaðar plöntur. Ekki eru heimildir um að innan svæðisins séu sérstakar náttúru- eða jarðminjar. Skógrækt hefur verið reynd á svæðinu en ekki gefið góða raun vegna lakra landgæða.</p>
<p>Kafli 3.2.1 um landbúnaðarsvæði</p> <p>MARKMID Gert er ráð fyrir að góð landbúnaðarsvæði verði nýtt áfram til landbúnaðar. Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum til rekstrar. Stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita leiða til uppbyggingar ýmissa stoðgreina hans. Með því er stefnt að þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt.</p> <p>Stuðlað verði að aukinni lífrænni ræktun í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins, bæði í hefðbundnum greinum svo og í nýjum búgreinum. Stuðlað verði að eflingu mjólkurframleiðslu á svæðinu. Stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Land verður metið eftir landgæðum og nýtingarmöguleikum. Verðmætt akuryrkjaland verði ekki tekið undir aðra landnotkun og þannig tryggt að breytingar á landnotkun og landskipti skerði almennt ekki möguleika til notkunar góðs landbúnaðarlands til búvöruframleiðslu í framtíðinni.</p>	<p>✓</p> <p>Megnið af því landi sem um ræðir er skilgreint sem skógræktarland, en svæðið umhverfis Glæsibæjarkirkju er skilgreint sem landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi (< 1 ha). Takmarkaður landbúnaður er stundaður á jörðinni í dag og litlar forsendur eru fyrir frekari landbúnaði sökum skógræktar. Umsögn landbúnaðarráðunautar um gæði landbúnaðarlands var aflað í skipulagsferlinu og hefur ráðherra þegar veitt heimild til lausnar þess úr landbúnaðarnotum skv. 6. gr. jarðalaga nr. 80/2004.</p>

	Fyrirhugað íbúðarsvæði er í nágrenni svæðis sem skipulagt er sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar, og verða ekki gerðar sérstakar eða ríkari kröfur til landbúnaðarstarfsemi í nágrenni skipulagssvæðisins en almennt gerist þar sem land er skipulagt fyrir.
<p>Kafli 3.2.2 um Samfélagsþjónustu</p> <p>MARKMIÐ:</p> <p>Stuðlað verði að þjónustustarfsemi í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu. Gert er ráð fyrir að starfsemi núverandi þjónustustofnana geti eflst og vaxið, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.</p>	<p style="text-align: center;">✓</p> <p>Breytingin er til þess fallin að efla rekstur og möguleika Glæsibæjarkirkju.</p>
<p>Kafli 3.2.7 um efnistöku- og efnislosunarsvæði</p> <p>MARKMIÐ:</p> <p>Almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistöku- og efnislosunarsvæðum. Nýting jarðefna skal vera með þeim hætti að hvorki verði spillt náttúruminum né gerðar óæskilegar breytingar á landslagi. Lögð skal áhersla á nýtingu náma sem náttúran getur viðhaldið, t.d. á áreyrum.</p>	<p style="text-align: center;">✓</p> <p>Fyrirætlanir eru um að vinna efni úr gömlu malarnámi á staðnum, að eingöngu til notkunar á staðnum. Aðalskipulagsáætlunin gerir ráð fyrir áframhaldandi efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt. Mun það lágmarka rask af völdum efnisflutninga og vandað verður til frágangs að efnistöku lokinni. Unnið verður eftir stefnu í kafla 3.2.7 í aðalskipulaginu. Fjallað verður ítarlega um umfang, frágang og áhrif námunnar á umhverfið og annað sem við á í greinargerð með breytingu.</p>
<p>3.3.7 Minjavernd</p> <p>MARKMIÐ:</p> <p>Taka skal tillit til skráðra fornleifa áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir. Í skógræktaráætlunum verði tekið tillit til fornminja og ekki plantað nær þekktum fornminjum en 20 m sbr. kafla 3.3.8.</p>	<p style="text-align: center;">✓</p> <p>Glæsibæjarkirkja í Kræklingahlíð er friðuð og merkt inn á uppdrátt sem MV11. Þegar hafa verið skráðar fornminjar við gerð deiliskipulags og mun breytt landnóktun ekki hafa áhrif á þær.</p>
<p>Kafli 3.3.9 um skógræktar- og landgræðslusvæði</p> <p>MARKMIÐ:</p> <p>Stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Á góðu landbúnaðarlandi er fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt og skjólbeltarækt til að skýla búpeningi og ræktun</p>	<p style="text-align: center;">X</p> <p>Hluti skógræktarlands SL4 verður tekið undir íbúðarbyggð en skógrækt neðan vegar hefur ekki gefið góða raun þar sem skilyrði eru mun lakari en ofan vegar.</p>

Tafla 9. Samræmi tillögunnar við stefnu Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024.

5.3 Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024

<p>Kafli 3.2 um byggðaþróun og byggðamynstur</p> <p>MARKMIÐ:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Stefnt er að góðum búsetuskilyrðum og fjölbreyttum búsetukostum á skipulagssvæðinu. -Stefnt er að hagkvæmu byggðamynstri. -Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra þéttbýlisstaða. -Eyjafjörður skal vera eitt atvinnusvæði. 	<p style="text-align: right;">✓</p> <p>Með uppbyggingu á svæðinu fjölga búsetukostum í sveitarfélaginu en framboð á stærri lóðum undir einbýli hefur verið takmarkað. Skipulagstillagan samræmist umsögn Svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar, þar sem farið var fram á að íbúðarlóðum yrði fækkað úr 30 í 20 til að gæta samræmis við gildandi svæðisskipulag.</p>
<p>Kafli 3.3.1 landbúnaður</p> <p>MARKMIÐ:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Landnýting skal vera í samræmi við landkosti þannig að tryggt verði svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota. 	<p style="text-align: right;">✓</p> <p>Sá hluti skipulagssvæðisins sem flokkað er sem landbúnaðarland í gildandi aðalskiplagi hefur verið tekið úr landbúnaðar-notum í undirbúningsvinnu vegna yfirstandandi skipulagsbreytinar. Svæðið þar sem íbúðarsvæði er fyrirhugað er flokkað sem skógræktar- og landgræðslusvæði í gildandi aðalskiplagi. Skógrækt á svæðinu hefur hinsvegar ekki gengið að óskum og hentar það land því vel undir byggð. Fyrirhugað íbúðarsvæði er í nágrenni svæðis sem skipulagt er sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskiplagi Hörgársveitar, og verða ekki gerðar sérstakar eða ríkari kröfur til landbúnaðarstarfsemi í nágrenni skipulagssvæðisins en almennt gerist þar sem land er skipulagt fyrir landbúnaðarstarfsemi, svo sem um sérstakar ráðstafanir vegna lykta- eða hávaðamengun, eða kröfur um fyrirkomulag heyskaparvinnu og annarra landbúnaðarstarfa</p>
<p>3.3.3 EFNISTÖKUSVÆÐI</p> <p>MARKMIÐ:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Tryggja skal framboð jarðefna af viðeigandi gæðum til mannvirkjagerðar á skipulagssvæðinu. -Efnistöku skal haga þannig að neikvæð áhrif hennar á náttúrufer, landslag og lífsgæði verði í lágmarki. -Náttúruminum, landslagi og útivistarsvæðum, sem eru mikilvæg vegna lífríkis, jarðmyndana, yfirbragðs landsins eða útivistargildis, skal forðast að raska með efnistöku. 	<p style="text-align: right;">✓</p> <p>Þau jarðefni sem áætlað er að nýta að mestu til framkvæmda á svæðinu verða sótt í gamla námu innan svæðis. Umrætt svæði er ekki er skilgreint efnistökusvæði í aðalskiplaginu. Sjáanlegt rask er til staðar í dag en samkvæmt áætlunum mun vera byggt á svæðinu eftir að efnistöku lýkur og farið verður í landmótun og uppgræðslu.</p>

3.5.2 STRANDSVÆÐI EYJAFJARÐAR, FLOKKUN VATNS.

MARKMIÐ:

- Stefnt skal að því að gæði sjávar við strendur Eyjafjarðar verði í hæsta flokki (flokkur A) miðað við ákvæði reglugerða.
- Stefnt skal að því að ár og vötn verði í flokki A (ósnortið vatn) miðað við flokkun í 9. gr. reglugerðar nr. 796/1999

X

Framkvæmdir og uppbygging á svæðinu hefur ekki áhrif á gæði sjávar við strendur Eyjafjarðar né á ár og vötn.

Tafla 10. Samræmi tillögunnar við stefnu Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024.

5.4 Deiliskipulag í gildi

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið en unnið er að nýju deiliskipulagi sem verður auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu.


6 ÁHRIFAMAT

Breyting á aðalskiplagi og þær framkvæmdir sem áformaðar eru í breytingunni eru ekki taldar hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Gert er ráð fyrir að fjölga íbúðum á Lónsbakkasvæðinu um allt að 40 íbúðir. Í vinnslu er önnur breyting á aðalskiplagi þar sem gert er ráð fyrir 3. áfanga íbúðarsvæðis í landi Glæsibæjar þar sem gert er ráð fyrir um 9 nýjum íbúðum. Þessi fjölgun íbúða er vel til þess fallin að anna þeirri eftirspurn lóða í sveitarfélaginu þar sem íbúapróun síðastliðinna ára hefur verið vel umfram landsmeðaltal og umfram spár í gildandi aðalskiplagi.

Stækkun þéttbýlismarka og skilgreining nýrra íbúðarsvæða eru ekki talin hafa áhrif á vistgerðir samkvæmt vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands. Um er að ræða skógræktarreiti og graslendi en einnig jaðrar framræst túnlandis.

Fyrir liggur minjaskrá fyrir deiliskipulagssvæði þéttbýlisins á Lónsbakka (Katrín Gunnarsdóttir. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Bitrugerðis og Hraukbæjar í Eyjafirði. Apríl 2017). Engar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins fyrir utan herminjar syðst á svæðinu, en þar hafa líklega staðið um 50 braggar á stríðsárunum síðari. Skráningin nær ekki yfir stækkun skipulagssvæðisins til norðurs. Viðbótarsvæðið verður kannað m.t.t. hugsanlegra fornleifa áður en gengið verður frá tillögu að deiliskipulagi.



Mynd 4. Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands.

7 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU

Skiplagslýsing var auglýst 25. nóvember 2021. Tillagan verður kynnt fyrir íbúum og auglýst þar sem frestur gefst til að gera skriflega athugasemd við tillöguna.

8 HEIMILDARSKRÁ

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðarkort á Íslandi sótt á; <http://vistgerdakort.ni.is/>.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Hagstofa Íslands, 2018. Tölur um mannfjölda.

Vinnumálastofnun, 2018. Tölfræði og útgefið efni.

9 TENGD SKIPULAGSGÖGN

Skipulagsuppdráttur mkv. 1:50.000 A3 dags. 28. maí 2020 unninn af Landmótun